



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um samkomulag um flugskýli í Skerjafirði - Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA)

Á fundi borgarráðs þann 6. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um samkomulag um flugskýli í Skerjafirði:

„Skv. lið 31 á fundinum er Reykjavíkurborg að kaupa flugskýli í landi Skerjafjarðar skv nánara samkomulagi. Óskað er eftir skriflegu svari, hvers vegna ekki var farið eftir reglum um kaup og sölu fasteigna hjá Reykjavíkurborg um að verðmat tveggja óvilhallra fasteignasala liggja ekki til grundvallar söluverði. Reglur þessar voru samþykktar í borgarráði 19. febrúar 2015.“

Umsögn SEA:

Kaup á flugskýlunum eru hluti af samningi við ríkið vegna kaupa á landi í Skerjafirði. Flugskýlin eru keypt til niðurrifs og miðast kaupverðið við hrakvirði húsanna. Reykjavíkurborg greiðir helming andvirðis en ríkið hinn helminginn. Af þessum ástæðum þótti ekki rétt að láta fara fram einhvers konar mat á húsunum sem slíkum, heldur miðuðust samningaviðræður við að ná mögulega lágstu verði fyrir húsin.

Hrólfur Jónsson